

Alþingi
Erindi nr. P /37/336
komudagur 22. 6. 2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 22. júní 2009

RH/SLB/019/09

Efni: Frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum - 118. mál.

Vísað er til tölvupósts þann 19. júní 2009, þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint frumvarp.

Tryggingastofnun vill þakka fyrir að fá tækifæri til að koma að álitserð um frumvarpið.

Ljóst er að breytingarnar munu hafa töluverð áhrif á greiðslur Tryggingastofnunar til lífeyrisþega sbr. fylgiskjal frumvarpsins í umsögn um frumvarpið svo og fylgiskjal frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu dags. 18. júní 2009 og hefur Tryggingastofnun ekki neinu við það að bæta.

Tryggingastofnun leyfir sér að taka fram að allar breytingar til einföldunar á almannatryggingakerfinu eru til bóta. Heppilegast er þó vegna tekjuáætlana og uppgjörs að allar breytingar á svo flóknu kerfi sem almannatryggingar eru taki gildi um áramót ef það er mögulegt.

Athygli er vakin á því að ætíð þarf að hafa í huga við breytingar að gildistími sé þannig að stofnunin hafi möguleika á að greiða bætur skv. breytingunum út á réttum tíma. Bætur á að greiða 1. hvers mánaðar sbr. 1. mgr. 54. gr. laga nr. 100/2007.

Hér þarf sérstaklega að líta til þess að bætur almannatrygginga eru greiddar fyrirfram auk þess sem hér er um lækun bótagreiðslna að ræða en ekki hækkun sem leiðréttu mætti eftir á.

Stofnunin þarf því í kjölfar lagabreytinga að hafa tíma til að breyta forsendum í tölvukerfum stofnunarinnar svo að réttar bætur verði greiddar út á réttum tíma. Sá tími er um það bil fimm sólarhringar.

Virðingarfyllt,



Sigríður Lillý Baldursdóttir
forstjóri